

151. fundur skráningarráðs, 8. október kl. 9-11 á Teams

Mætt voru: María Bjarkadóttir, Sigríður Vilhjálmsdóttir, Sigurgeir Finnsson, Þorsteinn Doddi Jónsson

Einnig sátu fundinn Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir gæðastjóri Gagnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gagnis.

Ritari: Sigurgeir Finnsson

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lesin.

Liður 4 - Sigrún búin að leggja drög að verkferli vegna afturköllunar skráningarheimildar. Verður sett á síðu Skráningarráðs hjá Landskerfi.

Fundargerð samþykkt.

2. Svið 082 („flokkestala hér“ ...)

Smærri söfn sem ekki hafa skrásetjara hafa lent í vandræðum varðandi bækur á skemmri skráningu sem eftir á að fullskrú. Ef ekki er búið að flokka bókina og setja neitt í \$\$a í sviði 082 í bókfræðifærslunni verður ekki til \$\$h í forðafærslunni. Það veldur ruglingi og fólk veit ekki hvar setja eigi raðtöluna.

Til að bregðast við þessu var ákveðið að setja sjálfgefin texta í færslusnið fyrir ísl. bækur:

082 0 4 \$\$a FLOKKSTALA HÉR \$\$2 ÍB útg.

Þrátt fyrir þetta hefur þó borið á því að önnur söfn en LBS setji flokkstölu í nýtt 082 svið í bókfræðifærslum í staðinn fyrir það sem fyrir er í færslusniðinu:

082 1 4 \$\$a 813 \$\$2 13

082 0 4 \$\$a FLOKKSTALA HÉR \$\$2 ÍB útg.

Birting á leitir.is er ruglandi og hafa lánþegar á LBS kvartað og klórað sér í hausnum yfir þessu, erindi þess efnis barst frá þjónustusvið LBS:

STAÐSETNINGAR

Lbs-Hbs Íslandssafn
Í útláni , Oktavó ; FLOKKSTALA HÉR

Lbs-Hbs Varaeintakasafn
Í útláni , 8vo bækur

Lbs-Hbs Þjóðarbobkhlada
Í útláni , 4. hæð ; FLOKKSTALA HÉR

Ekki nóg með að FLOKKSTALA HÉR rugli heldur er staðan *í útláni* ruglandi. Æskilegra að annað orðalag væri notað eins og *Óaðgengilegt / Í vinnslu*. Kristín sendir erindið áfram á Sigrúnu. Skráningarráð upphugsar nýjan texta í staðinn fyrir FLOKKSTALA HÉR.

3. Nafnmyndir höfunda af erlendu bergi brotnu í Gegni

Umræða í tilefni af erindi á ráðstefnu um fjölmenningu í Bókasafn Kópavogs um birtingu höfunda af erlendu bergi brotnu á leir.is. Á að skrá alla erlenda höfunda samkvæmt íslenskri nafnahefð? Eftir fund í nafnmyndaráði LBS var texta örlítið breytt í haskinu: *Erlend nöfn eru skráð eftirnafn, fornafn í 100 1# \$a nema óskað hafi verið eftir því af viðkomandi aðila að nafn þeirra sé sett fram samkvæmt íslenskri nafnahefð eða sterk rök liggja fyrir að skrá viðkomandi eftir íslenskri nafnahefð (sjá í HASKI)*. Þetta verður alltaf svolítið vafamál, dæmi:

Joachim B. Schmidt er svissneskur höfundur búsettur hér á landi. Hann skrifar bækur á þýsku sem gefnar eru fyrst út í Sviss, eru svo þýddar yfir á íslensku. Nafnmynd hans er samkvæmt erlendri nafnahefð og bækur hans eru flokkaðar með þýskum bókmenntum og fá ekki efnisorðið *Íslenskar bókmenntir*.

Ewa Marcinek er að uppruna pólsk, skrifar bækur um íslenskan veruleika á ensku. Bækur hennar hafa eingöngu komið út á Íslandi, þær teljast því til íslenskra bókmennta (ásamt pólskum) og eru flokkaðar með íslenskum bókmenntum. Nafnmynd Ewu eru samkvæmt íslenskri nafnahefð.

Meta þarf í hvert skipti hvernig meðhöndla á höfunda af erlendum uppruna. Hiklaust á að breyta nafnmyndum höfunda ef tilefni þykir til og ef þeir óska þess sjálfir.

4. „Skipulagning þekkingar“ námskeið – ályktun til HÍ (staðan á því)

Doddi, Kristín og Sigrún eru búin að leggja drög að bréfi til að senda á Jamie Johnston. Ákveðið að senda bréfið fyrir landsfund Upplýsingar í næstu viku. Sigrún talar við Þórnýju (formann Upplýsingar) um hvort Upplýsing vilji skrifa undir bréfið líka. Doddi sendir svo á Jamie.

5. Formleg bókfræðistefna – grunnstefna (SH ætlaði að setja upp og kynna)

Frestað til næsta fundar.

6. Sameining færslna (bara LBS eða líka önnur söfn?)

Tillaga frá LBS að LBS sjái um að sameina tvöfaldar íslenskar færslur og önnur söfn sjái um að sameina tvöfaldar erlendar færslur. Kristín býr til leiðbeiningar í HASKI um sameiningu færslna og sendir póst á Vöndu. Samþykkt.

7. RDA – nýjar reglur (ATH! lesa grein KL í nýjasta Bókasafninu!)

Kristín býr til plan fyrir uppfærslu RDA og sendir á Skráningarráð í lok október.

8. Gervigreindaraðstoð í lýsigagnaritli (KL og MB kynna stöðuna)

María sýndi okkur bókfræðifærslu sem hún vann með hjálp gervigreindar. Ýmis fix sem þarf að setja á svona færslur áður en þetta verður gert opinbert fyrir almenna skrásetjara. Til að mata gervigreindina þarf að setja inn Titill og hlaða inn myndum af kápu og titilsíðum. Til er Alma app fyrir farsíma sem myndi nýtast vel í þessum tilvikum, hægt væri þá að taka myndir á símann sinn og senda beint þaðan í gegnum appið. Sigrún ætlar að redda leyfi fyrir meðlimi skráningarráðs til að prófa þetta.

9. Fundur skráningarráðs á Akureyri, 20. nóvember 2025!

Drög að dagskrá:

RDA uppfærsla

Skoða gervigreindina betur og móta verklag

Önnur mál

Doddi og Sigga búa til dagskrá og senda á hópinn

10. Önnur mál

- Til að starfa í Ölmum þarf Landskerfi að gefa starfsfólki bókasafna mismunandi heimildir eftir verksviði þess. Eitthvað hefur borið á því að fólk sé með meiri heimildir en þurfa þykir og fari því út fyrir verksvið sitt í Ölmum. Fylgjast þarf mjög vel með þessu.
- Rafræn útgáfa prentaða bóka koma gjarnan út nokkrum árum síðar og þá með nýju ártali. Þetta hefur valdið ruglingi hjá lánþegum sem halda að um nýja útgáfu sé að ræða þegar þetta er í raun útgáfa á nýju formi. Því miður er ekkert hægt að koma þessu til skila í bókfræðifærslum rafbókanna þar sem þær eru sóttar úr heimskjarna.
- Talsverður fjöldi af rafbókum var virkjaður fyrir mistök úr heimskjarna. Mikill hausverkur að eyða þessum færslum út. Forgangsverkefni hjá Landskerfi í samstarfi við LBS.

Fundi slitið kl. 10:49